

# Vetrarumferðaröryggi

## Hringvegur 1

### Reykjavík – Hveragerði

Árni Jónsson

*ORION Ráðgjöf ehf, Borgartúni 20, 105 Reykjavík*

#### **Bakgrunnur**

Hringvegur 1 á milli Reykjavíkur og Hveragerðis er einhver umferðarþyngsti þjóðvegur landsins utan höfðuborgarsvæðisins. Um snið við Geitháls fóru á árunum 1995-1998 7.000-8.000 bílar á dag yfir sumartímann og um 3.500-4.000 bílar á dag yfir vetrartímann. Þá fóru um 5.500-6.000 bílar á dag um snið við veðurstöð á Hellsheiði yfir sumartímann og yfir vetrartímann fóru um 2.500-3.000 bílar á dag. Mikill hluti umferðar á virkum dögum er vegna atvinnu en um helgar er mikil ferðamannaumferð. Á áðurnefndu árabili urðu þar 170 slys og þar af voru 88 slys sem voru við vetraraðstæður (Auður Þóra Árnadóttir, 2000). Hér eru vetrarslys miðuð við færð en ekki mánuð.

#### **Markmið**

Meginmarkmið verkefnisins var að greina og skrásetja staði þar sem umferðarslys hafa orðið við vetraraðstæður og gera tillögur að úrbótum ef í ljós kom að slysin megi rekja til vegarins eða nánasta umhverfis hans. Þá var markmiðið einnig að kanna: Hver var skýring ökumanna á slysunum, aldur og kyn ökumanna og farþega, gerð og tegund ökutækja auk búnaðar og síðast en ekki síst veður og færð.

#### **Úrvinnsla**

Við úrvinnslu á lögregluskýrslunum kom fljótt í ljós að upplýsingar um aldur og kyn ökumanna og farþega, farþegafjölda og búnað ökutækja voru ekki nógu vel skráðar til að hægt væri að rannsaka þessa þætti. Það sama gildir um veður, en upplýsingar um færð voru hinsvegar oftast nær skráðar. Áður en lögregluskýrslur voru afhentar var búið að fjarlægja persónuauðkenni.

#### *Færð*

Í samantekt um færð var flokkun breytt frá því sem er í skýrslueyðublöðum lögreglu. Þetta ver gert til þess að fá fram betri upplýsingar um færð, en upprunaleg gögn greina t.d. ekki frá því hvort um er að ræða þunnt ísingarlag á nær auðum vegi eða hvort snjór hefur þjappast og myndað ísingu efst. Slík nákvæmari greining á færð var reynd þegar veðurupplýsingar í skýrslu leyfðu það.

#### *Talin orsök*

Orsök óhappa var skráð eftir framburði ökumanna þar sem hann liggur ljós fyrir en orsökina var annars áætluð út frá öðrum staðreyndum í lögregluskýrslum.

#### *Tegund ökutækja*

Gerð var samantekt á tegundum og flokkum ökutækja og var markmiðið að athuga hvort ein tegund eða flokkur umfram aðra væri að lenda í slysum.

### *Greining slysastaða*

Farið var um veginn og hver og einn slysastaður skoðaður og reynt að meta hvort e.ð. í umhverfinu hefði getað valdið slysinu. Gerð var grein fyrir landslagsformi, yfirborði lands, hugsanlegum hindrunum á og við veg, gerð vegrása og fláa, tengslum slyss við veg og umhverfi og möguleikum á skafrenningi og snjósöfnun. Settar voru fram lauslegar tillögur til úrbóta þar sem það á við.

Nokkrir staðir skera sig úr hvað varðar tíðni slysa en einnig fundust aðrir staðir þar sem rétt er að bæta öryggi vegfarenda þó ekki hafi orðið umferðarslys þar á umræddu tímabili. Dæmigerð atriði í þessu samhengi eru brattir vegfláar og óvarin ræsi.

### **Niðurstaða**

Veturinn 2000 til 2001 var óvenjulega snjóléttur sunnanlands og því var ekki hægt að skoða slysastaðina við *réttar* vetraraðstæður. Í staðinn var landið skoðað og reynt að meta hvaða áhrif landslagsform og lega vegarins hefði á færð um veginn.

Orsakir slysa eru samkvæmt lögregluskýrslum yfirleitt þær að ökumenn hafa ekki ekið eins og aðstæður gáfu tilefni til. Það er hins vegar afar ólíklegt að það sé eina orsök slysa heldur er margt sem bendir til að það sé samspil veðurs, vegar og umhverfis hans ásamt reynslu- eða þekkingarleysi á aðstæðum sem hafi valdið mestu um slysin.

Geometríu vegarins er hægt að laga á nokkrum stöðum til að bæta ástandið. Helst ber þar að nefna veginn um Svínahraun við gatnamót Þorlákshafnarvegjar og Hveradalabrekku. Þar er nauðsynlegt að laga bæði plan- og hæðarlegu vegarins. Á nokkrum köflum á Hellisheiði myndi töluverð hækkun vegarins minnka snjósöfnun inn á hann og þar með bæta akstursskilyrði. Þá er mikilvægt að reynt verði að koma í veg fyrir skafrenning inn á veginn í Kömbunum t.d. með því að fletja út axlir og færa leiðara utar eða setja upp aðra tegund leiðara sem veldur minni snjósöfnun. Að auki þarf að breikka veigrásir á stöku stað.

Góð skráning slysa er nauðsynleg og hún þarf að nýtast sem flestum sem koma að vegamálum með einum eða öðrum hætti. Núverandi skráningarform lögreglu dugar ekki til þess að varðveita allar upplýsingar um atriði tengd veginum eða umhverfi hans sem hugsanlega eiga þátt í einstökum slysum. Í dag virðist skráning fyrst og fremst miðast við þarfir tryggingafélaga.